

<i>Fundarboðandi:</i>	Sigurjón Njarðarson, f.h. formanns	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur í gegnum Teams Samskiptaforrit
<i>Fundarstjóri:</i>	Auður L. Arnþórsdóttir	<i>Dagsetning:</i>	30. nóvember 2020
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	09:00 – 10:00

Þátttakendur: Auður L. Arnþórsdóttir (í staðgöngu yfirdýralæknis) Gísli Jónsson (Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafró) og Sigurjón Njarðarson (fulltrúi yfirdýralæknis).

Dagskrá

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um lyfjameðhöndlun eldisfiska í sjókvíaelði
2. Breytingar á regluverki vegna innflutts notaðs veiðiútbúnaðar.
3. Önnur mál.

Umræða

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna lyfjameðhöndlunar eldisfiska í sjókvíaelði

- a) Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla eldisfisk með SliceVet lúsalyfi (Emamectin benzoat) við Hvannadal í Tálknafirði: Um er að ræða áður frestaða afgreiðslu frá fundi 21. október 2020. Í ljósi þess að ekki hafa orðið verulegar breytingar á stöðu mála frá því að afgreiðslu málsins var frestað á fundi nefndarinnar, telur Fisksjúkdómanefnd ekki ástæðu til lyfjameðhöndlunar á umræddu svæði að sinni.

4. Breytingar á regluverki vegna innflutts notaðs veiðiútbúnaðar

Þann 1. janúar 2021 taka í gildi breytingar á 8. gr. laga um varnir gegn fisksjúkdómum nr. 60/2006 sem gerðar voru með 14. gr. laga nr. 88/2020. Breytingarnar varða sóttþreinsun innflutts notaðs veiðiútbúnaðar. Fulltrúar Matvælastofnunar kynntu þessar breytingar fyrir nefndinni.

5. Önnur mál

Fisksjúkdómanefnd ákvað að fella niður reglubundinn fund nefndarinnar í desember 2020, nema einhver erindi bærust nefndinni eða beiðni um umfjöllun nefndarinnar bærisk frá einhverjum meðlima hennar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:00.